

Fjölskyldu ART

ART stendur fyrir Aggression Replacement Training og er fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Í *Fjölskyldu ART* þjálfast fjölskyldan í félagsfærni og sjálfsstjórn, það er meðal annars gert með sýnikennslu, hlutverkaleik, jákvæðri styrkingu, æfingum og umræðum.

Fjölskyldu ART er dæmi um 2. Stigsþjónustu samkvæmt lögum um farsæld barna.

Hægt er að sækja um meðferð hjá ART teymi fyrir börn með hegðunar- og/eða tilfinningavanda. Umsóknir eru teknar fyrir af inntökuráði í **maí** og í **desember**. Meðferðin er kölluð *Fjölskyldu ART* og fara nýir hópar af stað í janúar og september ár hvert.

Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://www.isart.is/fjolskyldu-art/>